



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2023

2303002HA LG/fhs
Málalýkill: 30.21

Efni: Frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - EES innleiðing

I. INNGANGUR

Hafnasamband Íslands fagnar því að allar hafnir landsins sem falla undir gildissvið hafnalaganna fái heimild til þess að beita afsláttum og álögum á skipagjöld með hliðsjón af umhverfisframmistöðu skipa sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Með því fá hafnirnar verkfæri til þess að leggja sitt af mörkum í því skyni að mæta skuldbindingum íslenska ríkisins í loftslagsmálum. Ákvæðið getur haft þýðingu í þá átt að eigendur skipa hraði þeirri þróun að stærri skip megi landtengja og að draga úr sótspori þeirra varðandi orkugjafa. Mikilvægt er að slík heimild fáið sem fyrst m.a. með hliðsjón af miklum fjölda skemmtiferðaskipa sem leitað hafa eftir hafnarplássi allt í kringum landið á næstu árum. Umhverfisframmistaða slíkra skipa er mismunandi og rekstraraðilar þeirra virðast misáhugasamir um endurbætur eða uppfærslur á skipunum til að draga úr mengun. Með mismunandi gjaldtöku út frá umhverfisframmistöðu skipa eru send skýr skilaboð um að síkar aðgerðir skipti máli. Erlendar hafnir, einkum á norðurlöndunum hafa beitt þessari aðferðafræði með góðum árangri.

II. UMSÖGN UM EINSTÖK ATRIÐI FRUMVARPSINS

Hafnasambandið vill hins vegar koma á framfæri við Alþingi neðangreindum athugasemdum og tillögu að breytingu hvað varðar ákvæði 1. greinar frumvarpsins. Um er að ræða nýja grein í hafnarlögum (grein 9.a) þar sem 1. málsgrein ákvæðisins á að hljóða svo;

„Höfnum innan samevrópska flutninganetsins er skylt að eiga samráð við notendur hafna um gjaldtöku sína. Þær skulu jafnframt veita notendum hafna upplýsingar um breytingar á eðli eða fjárhæð hafnargjalds a.m.k. tveimur mánuðum áður en breytingarnar taka gildi“.

Í 15. gr. reglugerðar ESB nr. 2017/352, sem fjallar um samráð við notendur segir hins vegar orðrétt í íslensku útgáfu hennar;

„Í samræmi við gildandi landslög skal hafnarstjórn hafa samráð við notendur hafna um gjaldtökustefnu sína, þ.m.t. í tilvikum sem falla undir 8. gr. Slíkt samráð skal einkum fela í sér umtalsverðar

breytingar á hafnargrunnvirkja- og hafnarþjónustugjöldum í þeim tilvikum þar sem innri rekstraraðilar veita hafnarþjónustu samkvæmt skyldum til að veita opinbera þjónustu“.

Í enskri útgáfu reglugerðarinnar hljóðar 1. mgr. 15. gr. á eftirfarandi hátt;

„The managing body of the port shall, in accordance with applicable national law, consult port users on its charging policy, including in cases covered by Article 8. Such consultation shall include any substantial changes to the port infrastructure charges and port service charges in cases where internal operators provide port services under public service obligations“.

Af þessum samanburði virðist ljóst að lagafrumvarpið gengur mun lengra en reglugerð ESB áskilur, sem kann að felast í ónákvæmri þýðingu reglugerðarinnar. Í reglugerð ESB er skýrt tekið fram að samráð við notendur skal vera um gjalddökustefnuna (charging policy), þar með talið umtalsverðar breytingar (substantial changes) á hafnargrunnvirkjagjöldum og hafnarþjónustugjöldum.

Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að höfnunum verði skylt að eiga samráð við notendur um gjalddöku sína án nokkurrar takmörkunar. Að mati hafnasambandsins er frumvarpstextinn að þessu leyti allt of víðtækur og leggur ósanngjarna og íþyngjandi skyldu á hafnirnar hvað samráð við notendur varðar.

1. Í fyrsta lagi verður að horfa til þess að hafnir á Íslandi, þó aðeins sé horft til þeirra hafna sem munu falla undir samevrópska flutninganetið, eru litlar í samanburði við suma notendur viðkomandi hafna. Sú staða skapar hættu á að viðkomandi hafnarstjórnir verði beittar óeðlilegum þrýstingi í samráðsferlinu.
2. Í öðru lagi er jafnframt er mögulegt að slíkt samráð geti farið í bága við t.d. samkeppnislög ef mælt er fyrir um víðtækt samráð um gjaldskrár hafna.
3. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að benda á að skylda til samráðs skv. evrópureglugerðinni er eingöngu til samráðs við notendur innan evrópska flutninganetsins en ekki aðra almenna notendur. Er því enn verið að gera ríkari kröfur til hafna skv. frumvarpinu heldur en gildissvið reglugerðarinnar felur í sér. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að upptaka afsláttar og álaga á skipagjöld yrði ávallt talin umtalsverð breyting og félli undir samráðsskyldu líkt og hún er afmörkuð í Evrópureglugerðinni.
4. Í fjórða lagi liggur fyrir að í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að markmiðið sé að ganga ekki lengra í innleiðingu reglugerðarinnar en þörf krefur. Íþyngjandi krafa um víðtækt samráð við notendur, umfram það sem Evrópureglugerðin áskilur, er í ósamræmi við þann ásetning.

Með hliðsjón af framansögðu leggur hafnasambandið til að ákvæði 1. mgr. 9. gr. a verði breytt til samræmis við texta 1. mgr. 15. gr. reglugerðar ESB nr. 2017/352. Texti málsgreinarinnar gæti verið eftirfarandi:

„Höfnum innan samevrópska flutninganetsins er skylt að eiga samráð við notendur hafna um gjaldtökustefnu sína, þar með talið vegna umtalsverðra breytinga á gjaldtökunni. Þær skulu jafnframt veita notendum hafna upplýsingar um breytingar á eðli eða fjárhæð hafnargjalds a.m.k. tveimur mánuðum áður en breytingarnar taka gildi.“

III. NIÐURLAG


Hafnasamband Íslands telur ástæðu til þess að vekja athygli á því að til langs tíma hefur verið brýn þörf til þess að ganga til heildarendurskoðunar á hafnalögum. Þróun í hafnamálum og breytingar á hafnalögum á síðustu árum, kalla eftir því að farið verði í slíka endurskoðun í stað bútasams við núverandi lög. Lýsir hafnasambandið sig tilbúið til þess að koma að slíkri vinnu í samvinnu við stjórnvöld.

Er rétt að vekja athygli á undanþáguákvæði reglugerðar nr. 352 frá 2017 um hafnir, en aðildarríki geta ákveðið að reglugerðin gildi ekki um hafnir við sjó sem staðsettar eru við ystu svæði samkvæmt 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Að mati hafnasambandsins ætti að skoða alvarlega hvort ekki sé rétt að nýta þetta ákvæði

Hafnasambandið óskar góðfúslega eftir að fá fund með umhverfis- og samgöngunefnd Alþings þar sem fulltrúum sambandsins gæfist tækifæri til að fylgja umsögn þessari eftir og koma á framfæri frekari rökstuðningi eða ábendingum hvað varðar umrætt lagafrumvarp.

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands